

REGLUR

um vörpun láns hæfismats við útreikning á eiginfjákröfum vegna útlánaáættu og verðbréfunar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjákröfur vegna útlánaáættu á grundvelli staðalaðferðar í samræmi við 2. kafla, bálk II, í þriðja hluta reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002. Reglurnar gilda einnig um fjármálafyrirtæki sem reikna eiginfjákröfur fyrir verðbréfaðar stöður í samræmi við 5. kafla, bálk II, í þriðja hluta sömu reglugerðar.

2. gr.

Vörpun láns hæfismats láns hæfismatsfyrirtækja vegna útlánaáættu og verðbréfunar.

Fjármálafyrirtæki sem reiknar eiginfjákröfur vegna útlánaáættu og verðbréfunar skal varpa láns hæfismati frá láns hæfismatsfyrirtæki samkvæmt reglugerðum (ESB) 2016/1799 og 2016/1801, með síðari breytingum, sbr. 3. gr.

3. gr.

Innleiðing reglugerða.

Með vísan til 2. gr. gilda eftirtalдар reglugerðir hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1799 frá 7. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun láns hæfiseinkunna láns hæfismatsfyrirtækja vegna útlánaáættu í samræmi við 1. og 3. mgr. 136. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92 frá 20. desember 2023, bls. 4-19.
2. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1801 frá 11. október 2016, um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar vörpun láns hæfiseinkunna láns hæfismatsfyrirtækja vegna verðbréfunar í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 92 frá 20. desember 2023, bls. 20-26.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/634 frá 24. apríl 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtækja samsvarar láns hæfisþreppunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 388-394.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2028 frá 29. nóvember 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem sýna hvernig mat á útlánaáættu utanaðkomandi láns hæfismatsfyrirtækja samsvarar láns hæfisþreppunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2021 frá 19. mars 2021 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 5 frá 18. janúar 2024, bls. 47. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 26 frá 30. mars 2023, bls. 322-328.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2005 frá 16. nóvember 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem

sýna hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar láns-hæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2022 frá 29. apríl 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 93. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 58 frá 1. ágúst 2024, bls. 74-81.

6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2365 frá 2. desember 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1801 að því er varðar hvernig vörpunartöflur samsvara lánshæfismati utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja fyrir verðbréfun í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2023 frá 13. júní 2023 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 87 frá 30. nóvember 2023, bls. 26.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/1872 frá 1. júlí 2024 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/1799 að því er varðar vörpunartöflur sem tilgreina nánar hvernig mat á útlánaáhættu utanaðkomandi lánshæfismatsfyrirtækja samsvarar lánshæfisþrepunum sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 293/2024 frá 6. desember 2024.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2365 og 2024/1872 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R2365>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 312, þann 5. desember 2022, bls. 101-108;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX%3A32024R1872>, birt í OJ, deild L, undirdeild R, þann 5. júlí 2024.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 27. og 43. tölul. 2. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Með gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 1091/2023 um vörpun lánshæfismats við útreikning á eiginfjákröfum vegna útlánaáhættu og verðbréfunar.

Seðlabanka Íslands, 29. apríl 2025.

Ásgeir Jónsson
seðlabankastjóri.

Gísli Óttarsson
framkvæmdastjóri.